

NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

Iðnaðarnefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 20. maí 2010
2010050007/42-1-3
TB
jgo/tb

Tillaga til þingsályktunar um úttekt á virkjunarkostum fyrir álframleiðslu, 91. mál.

Vísað er til bréfs/tölvupósts frá Iðnaðarnefnd Alþingis, dags. 4. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um úttekt á virkjunarkostum fyrir álframleiðslu, 91. mál.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur nýlega gefið umsögn um 2. áfanga Rammaáætlunar en þar bendir stofnunin m.a. á ýmsa óvissuhætti í áætluninni sem varða náttúru- og umhverfismál. Einnig bendir stofnunin á að ef gera á raunhæfa áætlun um sjálfbæra orkunýtingu, ekki bara m.t.t. almennrar náttúruverndar, verður að móta orkunýtingarstefnu þar sem kemur fram hvað megi sjá af mikilli orku til ýmissa atvinnugeira samfélagsins s.s. til stórnottenda/stóriðju m.a. m.t.t. almennrar raforkunotkunar og umhverfismála til framtíðar (sjá m.a. einnig tillögu til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins, 520. mál). Náttúrufræðistofnun telur því eðlilegt að gerð sé grein fyrir hvaðan sé líklegt að sú orka komi sem ætluð er til álframleiðslu, sbr. framangreinda tillögu til þingsályktunar, og það sett í samhengi við verndarmál og almenna raforkunotkun.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson